

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hrólfur Sæmundsson  
barítón

Steinunn Birna Ragnarsdóttir  
píanó

**Netútgáfa**

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 27. ágúst 2002 kl. 20:30

**Hrólfur Sæmundsson** lauk meistaraþráðu í einsöng við New England Conservatory í Boston í fyrra með hæstu einkunn, en aðalkennarar hans þar voru Susan Clickner og Mark St. Laurent. Áður hafði hann lokið áttunda stigi og burtfararprófi undir leiðsögn Guðmundar Jónssonar.

Hann hefur sungið einsöng í kirkjuverkum og verið fastráðinn einsöngvari við First Parish Church í Boston, einnig hefur hann sungið með Harvard Early Music Society í óperuuppfærslum þeirra. Óperuhlutverk ytra eru til dæmis Figaro í *Rakaranum í Sevilla*, Vicar Gedge í *Albert Herring*, Falstaff í *Sir John in Love*, Smirnov í *The Bear*. Hrólfur hefur komið fram á tónleikum bæði í Bandaríkjunum, í Williams Hall og Jordan Hall, og hérlendis, og fengið góða dóma fyrir söng sinn. Hann hefur komið fram í sjónvarpi við ýmis tilefni, bæði í ríkisútvarpinu, Stöð tvö og Skjá einum, í þáttum eins og Mósaiík, Dagsljós, Kastljós, Milli himins og jarðar, fréttir og Ísland í dag. Hrólfur er stofnandi Sumaróperu Reykjavíkur sem setti nýverið upp óperuna *Dido & Eneas* í Borgarleikhúsinu. Í vetur mun hann meðal annars syngja í *Rakaranum í Sevilla* í Íslensku Óperunni

**Steinunn Birna Ragnarsdóttir** er fædd í Reykjavík og stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, lauk þaðan píanókennaraprófi árið 1979 og einleikaraprófi tveimur árum síðar. Kennari hennar síðari árin var Árni Kristjánsson. Steinunn lauk meistaraþráðu frá New England Conservatory of Music í Boston árið 1987, undir handleiðslu Mr. Leonard Shure. Hún starfaði um tíma á Spáni sem einleikari og lék í ýmsum kammerhópum. Þar hlaut hún *Gran Podium* verðlaunin á vegum *Juventuts del Musicals* í Barcelona og kom fram á ýmsum alþjóðlegum tónlistarhátíðum víða um Spán.

Undanfarin ár hefur Steinunn Birna komið fram á fjölmörgum tónleikum hérlendis og hlotið viðurkenningar fyrir leik sinn og lof gagnrýnenda. Geisla-plata hennar og Bryndísar Höllu Gylfadóttur *Ljóð án orða* hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin í flokki klassískra hljómpatna 1998. Steinunn Birna hefur komið fram sem einleikari ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og leikið m.a. píanókonsert eftir Grieg og Jórunni Viðar. Flutningur hennar á þessum verkum hefur verið hljóðritaður og komið út á geislaplötum. Hún hefur komið fram víða á tónlistarhátíðum erlendis og m.a. leikið einleik ásamt St. Christopher hljómsveitinni í Vilnius. Auk tónlistarflutnings starfar hún við Tónlistarskólann í Reykjavík. Steinunn Birna hefur verið stjórnandi Reykholts-hátíðar frá stofnun hennar árið 1997.

## Efnisskrá

Söngljóð eftir Hugo Wolf  
1860-1903

Við ljóð eftir F.W. von Göthe  
1749-1832

Prometheus

Við ljóð eftir Eduard Mörike  
1804-1875

- 1 An die Geliebte
- 2 Um Mitternacht
- 3 Der Feuerreiter
- 4 Storchenbotschaft

Við ljóð eftir F.W. von Göthe

- 1 Ob der Koran von Ewigkeit sei
- 2 Trunken müssen wir alle sein
- 3 So lang man nüchtern ist
- 4 Sie haben wegen der Trunkenheit
- 5 Was in der Schenke waren heute

Við ljóð eftir Eduard Mörike

- 1 In der Frühe
- 2 Auf ein altes Bild
- 3 Verborgtheit
- 4 Abschied

## Netútgáfa

*Hljóðfæraverslun Leifs Magnússonar styrkti þessa tónleika*